

Hjörleifur Þórarinnsson
framkvæmdastjóri
GlaxoSmithKline ehf. og
Magnús Pétursson forstjóri
Landspítala
háskólasjúkrahúss
undirrita
samstarfssamninginn.



Samstarfssamningur um lyfjarannsóknir

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS OG GLAXOSMITH-Kline ehf. hafa gert með sér samstarfssamning á sviði klínískra lyfjarannsókna, en með honum er settur fastur rammi um rannsóknarsamstarf sjúkrahússins og lyfjafyrirtækisins. Það auðveldar meðal annars að fylgja eftir ýmsum langtímamarkmiðum, til dæmis við gerð sérstakra rannsóknarsamninga um einstök verkefni. Einnig skapast grundvöllur fyrir stuðningi hvors aðila við jákvæða uppbyggingu í starfsemi hins. Samningurinn nær til allra verkefna á sviði klínískra

lyfjarannsókna sem unnin eru í samstarfi GlaxoSmithKline ehf. og starfsmanna Landspítala háskólasjúkrahúss.

Við undirritun samnings lyfjafyrirtækisins og sjúkrahússins var greint frá því að Glaxo-SmithKline ehf. muni veita fjárstyrk til starfsemi á sviði rannsókna og þróunar á Landspítala háskólasjúkrahúsi.

Úr fréttatilkynningu

Læknadeild um aldamót

LÆKNADEILD UM ALDAMÓT ER SKÝRSLA SEM UNNIN var í tilefni þess að 125 ár eru liðin frá því Læknaskólinn var stofnaður, en skólinn varð síðar læknadeild Háskóla Íslands. Í skýrslunni er að finna yfirlit yfir stöðu læknadeildarinnar í samfélaginu. Kaflar eru um þann lagaramma sem deildin starfar innan, ný reglugerð um Háskóla Íslands er kynnt og umfjöllun er um deildarfundir, samvinnu við háskólayfirvöld, byggingamál, fjármál, starfsfólk deildarinnar, alþjóðastarf og fleira. Þá er fjallað um ýmislegt er við kemur kennslumálum deildarinnar og þær breytingar sem nú eiga sér stað. Sérkaflar eru um framhaldsmenntun og vísinda- og fræðistörf. Tvö fylgirit eru prentuð með skýrslunni: Skrá yfir kennara í læknisfræði við Háskóla Íslands og yfirlit yfir greinar og bækur fastráðinna kennara útgefnar á árunum 1996-2000 og nær ritaskráin yfir liðlega helming heftisins.

Nokkur fjöldi mynda prýðir skýrsluna og í henni er að finna bæði fróðleik og forvitnilegar



upplýsingar. Læknadeild um aldamót er 70 blaðsíður að lengd með fylgiritum og gefin út af Háskólaútgáfunni. Jóhann Ágúst Sigurðsson fráfarandi deildarforseti tók saman efnið.